

Nd. 310. Tillaga til þingsályktunar
um undirbúning löggjafar um hlutatryggingafélög.

Flm.: Jón Ívarsson, Gísli Guðmundsson.

Neðri deild Alþingis ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fram fara athugun á nauðsyn og möguleikum til þess að setja löggjöf um hlutatryggingafélög í veiðistöðvum og fá til þess aðstoð sérfróðra manna um tryggingarmál eftir því sem þurfa þykir, og undirbúa síðan fyrir næsta þing löggjöf um þetta efni, ef sú rannsókn, sem fram verður látin fara, bendir til þess, að hagkvæmt sé að setja slíka löggjöf.

G r e i n a r g e r ð .

Í nál. minni hl. sjávarútvegsnefndar á þskj. 215 (jöfnunarsjóður aflahluta) hafa flutningsmenn vikið að því, að þeir mundu flytja till. til þál. um það efni, sem hér er um að ræða. Skal hér vísað til þeirra ástæðna, sem greindar eru á nefndu þskj.